

REGLUGERÐ

**um heimild Íbúðalánaþjóðs til að kaupa skuldabréf fjármálaþyrtækja
sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.**

1. gr.

Tilgangur.

Íbúðalánaþjóði er heimilt að kaupa skuldabréf fjármálaþyrtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði hér á landi, enda séu kaupin til þess fallin að tryggja öryggi lána á íbúðalanamarkaði og hagsmuni lántakenda. Ekki þarf að leita samþykkis skuldara fyrir kaupum Íbúðalánaþjóðs á skuldabréfi.

2. gr.

Umsókn fjármálaþyrtækis.

Íbúðalánaþjóði er heimilt að ganga til samninga um kaup á skuldabréfum fjármálaþyrtækis sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði eftir að fjármálaþyrtæki hefur óskað þess með skriflegri umsókn.

3. gr.

Verðlagning skuldabréfa.

Íbúðalánaþjóður skal leggja sjálfstætt mat á verðmæti þeirra skuldabréfa sem sjóðnum eru boðin til kaups. Við verðmat skuldabréfa skal sjóðurinn m.a. taka mið af greiðslustöðu skuldara, veðsetningaráhlutfalli íbúðarhúsnæðis þegar bréf er yfirtekið, vanskilum skuldabréfs og kjörum bréfanna þannig að verðlagning skuldabréfasafnsins endurspegli markaðsverðmæti þeirra. Skulu samningsskilmálar og kaupverð jafnframt miða að því að lágmarka útlánaáhættu sjóðsins.

Við yfirtöku skuldabréfa í erlendri mynt skal gengisáhætta sjóðsins metin sérstaklega og tillit tekið til hennar við verðlagningu bréfanna.

4. gr.

Samkomulag um kaup skuldabréfa.

Íbúðalánaþjóður skal synja umsókn fjármálaþyrtækis ef ekki næst samkomulag um samningsskilmála og kaupverð, sbr. 3. gr., sem telst fullnægjandi með hliðsjón af útlánaáhættu Íbúðalánaþjóðs, sbr. 3. gr.

Stjórn Íbúðalánaþjóðs getur sett nánari reglur, sem ráðherra staðfestir, um meðferð umsókna og lánasamninga sem gerðir eru á grundvelli umsókna skv. 2. gr.

5. gr.

Endurgjald fyrir skuldabréf.

Endurgjald fyrir skuldabréf sem Íbúðalánaþjóður kaupir skal að jafnaði vera í formi íbúðabréfa.

Endurgjald fyrir skuldabréf í erlendri mynt sem Íbúðalánaþjóður kaupir skal vera í formi íbúðabréfa sem gefin eru út í erlendri mynt.

Stjórn Íbúðalánaþjóðs getur sett nánari reglur, sem ráðherra staðfestir, um það hvernig endurgjaldi fyrir skuldabréfin til fjármálaþyrtækja skuli háttar.

Nr. 1081

26. nóvember 2008

6. gr.

Samkomulag um afgreiðslu og innheimtu lána.

Íbúðaláanasjóði er heimilt við kaup á skuldabréfum að gera samkomulag við viðkomandi fjármálafyrirtæki um að það sjái áfram um afgreiðslu og innheimtu þeirra skuldabréfalána sem Íbúðaláanasjóður kaupir af fyrirtækinu.

7. gr.

Staða lántakanda.

Við yfirtöku skuldabréfalána fjármálafyrirtækja fær Íbúðaláanasjóður stöðu lánveitanda gagnvart lántakendum viðkomandi skuldabréfalána og hafa lántakendur eftir það sömu réttindi og skyldur gagnvart Íbúðaláanasjóði og aðrir lántakendur hjá sjóðnum.

Kjör og skilmálar skuldabréfalána gagnvart lántakendum sem Íbúðaláanasjóður yfirtekur skulu vera óbreytt frá því sem var fyrir yfirtöku Íbúðaláanasjóðs á láninu eftir því sem við getur átt.

Sé skuldabréfalán í erlendri mynt yfirtekið skal skuldbinding lántakanda vera áfram í erlendri mynt.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, sbr. V. kafla laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., öðlast þegar gildi.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. nóvember 2008.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ágúst Geir Ágústsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. nóvember 2008